

Fundargerð ferðamálaráðs  
9. fundur ferðamálaráðs  
Kl. 9 – 10:45 í samgönguráðuneytinu.

**Mættir:**

Svanhildur Konráðsdóttir, formaður (SK), Einar Karl Haraldsson, varaformaður (EKH), Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Sigurðsson (GS) (frá 10:30), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Helga Haraldsdóttir skrifstofustjóri (HH), Magnús Oddsson ferðamálastjóri (MO) og Sigurður Unnar Einvarðsson (SUE) sem ritaði fundargerð.

Þá mættu í upphafi fundar Kristján Möller, samgönguráðherra, Róbert Marshall, aðstoðarmaður ráðherra og Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, en þau viku af fundi eftir innleiðingu ráðherra.

Þá komu til fundar Heiður A. Björnsdóttir og Brynjólfur Eyjólfsson og kynntu niðurstöður rannsóknar ParX á áhrifum hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu.

**Dagskrá fundarins:**

1. Innleiðing samgönguráðherra.
2. Fundargerð 8. fundar ferðamálaráðs lögð fyrir
3. Starfsáætlun ráðsins 2007 – áherslur og fyrirkomulag.
4. Kynning á niðurstöðum rannsóknar ParX á áhrifum hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu.
5. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu – umræður um tillögur.
6. Önnur mál

**1. Innleiðing samgönguráðherra**

Samgönguráðherra hóf mál sitt á að bera kveðju frá iðnaðarráðherra, Össuri Skarphéðinssyni til ferðamálaráðs, en málasvið ferðamála færir um áramót frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Í máli hans koma fram að hlutverk ferðamálaráðs væri nú að skýrast, þessi fundur væri sá níundi hjá ferðamálaráði starfandi eftir lögum um skipan ferðamála sem tóku gildi 1. janúar 2006 og fyrsti fundur undir stjórn nýs formanns og varaformanns.

Ráðherra minntist fráfarandi formanns ferðamálaráðs, Einars Odds Kristjánssonar, sem var bráðkvaddur fyrir skömmu. Risu ráðsmenn úr sætum sínum og minntust Einars Odds.

Ráðherra lagði í máli sínu áherslu á að sérstaklega væri óskað eftir starfi og ráðgjöf ferðamálaráðs og frumkvæði að þess væri mikils metið.

Ráðherra lagði sérstaka áherslu á að ráðið taki eftirfarandi mál til sérstakrar skoðunar:

1. Ferðamálaráð kannaði möguleika gjaldtöku af gestum vinsælustu ferðamannastaða landsins. Leggja skuli mat á kosti þess að fara slíkar leiðir til að standa undir uppbyggingu og viðhaldi fjölsótttra ferðamannastaða.
2. Ferðamálaráð komi að endurskoðun ferðamálaáætlunar sem nú er í gangi og fái endurskoðaða ferðamálaáætlun til umsagnar
3. Ráðherra vísaði til bréfs frá Samtökum ferðaþjónustunnar sem lagt var fram á fundi með ráðherra í júní sl. Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað lýst þeim vilja sínum að

markaðs- og kynningarmál verði aðskilin frá stjórnsýslunni og óskaði ráðherra eftir því að ferðamálaráð færi ofan í saumana á þessum hugmyndum og gerði honum grein fyrir afstöðu sinni til þeirra.

4. Ferðamálaráð fjalli sérstaklega um mögulegar aðgerðir á sviði ferðaþjónustunnar til mótvægis við skerðingu aflaheimilda og áhrif þeirrar skerðingar á atvinnuástand á landsbyggðinni. Ráðherra kvaðst telja ferðaþjónustuna eiga góða möguleika á því að koma sterka inn til mótvægis. Í dag sé um að ræða stutt nýtingartímabil en langan tíma þar sem nýtingin er lítil og möguleikar til eflingar því góðir. Ráðherra lagði áherslu á að ferðamálaráð skilaði raunhæfum tillögum til mótvægisáðgerða sem allra fyrst.
5. Að endingu fól ráðherra ferðamálaráði að fjalla um akstur utan vega og slæma umgengni ferðamanna um landið í tengslum við umræður þar um. Slík vinna færi fram í góðum tengslum við viðkomandi sveitar- og bæjarstjórnir.

Ráðherra kvaðst hlakka til að fylgjast með störfum ráðsins og lagði áherslu á að flutningur málasviðsins frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytisins væri fyrst og fremst tækifæri fyrir málaflokkinn.

Formaður þakkaði innleiðingu ráðherra og fagnaði sérstaklega áherslu ráðherra á frumkvæði ráðsins og því að kallað skuli eftir hugmyndum ráðsins til mótvægisáðgerða vegna skerðingar fiskveiðikvóta.

## **2. Fundargerð 8. fundar ferðamálaráðs lögð fyrir**

Fundargerð 8. fundar ferðamálaráðs var lögð til afgreiðslu fundarins og var samþykkt samhljóða.

## **3. Starfsáætlun ráðsins 2007 – áherslur og fyrirkomulag**

Samþykkt var að festa niður ákveðna fundartíma fyrir ferðamálaráð og varð samkomulag um að hér eftir myndi ráðið hittast fyrsta mánudag í hverjum mánuði kl. 8:30. Dagskrá fundanna yrði lögð fyrir vikunni fyrir fundi og ráðsmenn því beðnir að koma erindum til dagskrár tímanlega til formanns og varaformanns.

Hugmyndir um að halda einstaka fundi ferðamálaráðs utan höfuðborgarinnar voru ræddar og voru ráðsmenn sammála um að slíkt væri æskilegt. Með því að funda í meira mæli úti á landi mætti tengjast með betri hættum ferðaþjónustuaðilum og sveitastjórnnum á landsbyggðinni og í leiðinni vekja athygli á starfi ferðamálaráðs. Stungið var upp á ýmsum fundarstöðum en ákveðið að ræða slíkt á seinni stigum.

Formaður ráðsins til að sá háttur yrði hafður á að einn fundur yrði haldinn um hvert þeirra stóru mála sem ráðherra lagði fyrir ráðið.

## **4. Kynning á niðurstöðum rannsóknar ParX á áhrifum hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu.**

Heiður A. Björnsdóttir og Brynjólfur Eyjólfsson héldu kynningu á rannsókn ParX á áhrifum hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu, en rannsókninni lauk nú í júní.

Í kjölfar kynningar ParX og umræða lagði formaður ferðamálaráðs fram eftirfarandi bókun:

#### **Bókun**

*Í niðurstöðum úr könnun ParX meðal almennings og söluaðila fyrir íslenska ferðaþjónustu á erlendum mörkuðum, sem ferðamálaráð óskaði eftir við ráðherra að gerð yrði á árinu, kemur fram að flestir eru neikvæðir gagnvart hvalveiðum í atvinnuskyni og söluaðilar telja viðhorf viðskiptavina sinna einnig neikvæð. Helmingur viðmælenda í hópi söluaðila segir hvalveiðar íslendinga hafa neikvæð áhrif á viðhorf viðskiptavina sinna til Íslands. Um 60% söluaðila telja hvalveiðar Íslendinga minnka líkurnar á því að viðskiptavinir sínir heimsæki Ísland.*

*Ferðamálaráð vill vekja athygli á vísbendingunum, sem lesa má úr þessum niðurstöðum og styðja mat ýmissa helstu talsmanna íslenskrar ferðaþjónustu og annarra aðila í greininni, að hvalveiðar í atvinnuskyni geti verið til lengri tíma skaðlegar útflutningi og ímynd Íslands á erlendum mörkuðum.*

*Ráðið beinir því til ráðherra ferðamála að tekið verði tillit til þessara ríku hagsmuna við ákvörðun um áframhald hvalveiða við Ísland.*

Bókun þessi var samþykkt samhljóða.

#### **5. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu – umræður um tillögur**

Dreift var vinnuplögum frá Magnúsi Oddsyni, ferðamálastjóra, Helgu Haraldsdóttur skrifstofustjóra skrifstofu ferðamála í samgönguráðuneytinu og Magnúsi Helgasyni forstöðumanni rekstrarsviðs Byggðastofnunar. Lögð var áhersla á að um hráefni fyrir ráðsmenn væri að ræða sem þeir gætu nýtt í umræðum um mögulegar mótvægisáðgerðir.

Formaður óskaði eftir hugmyndum og tillögum ráðsmanna og ákveðið var að ráðið kæmi aftur saman miðvikudaginn 15. ágúst nk. til þess að afgreiða frá sér tillögur til ráðherra.

#### **6. Önnur mál**

Ekki voru önnur mál tekin upp á dagskrá 9. fundar ferðamálaráðs. Næsti fundur ákveðinn 21. ágúst kl. 8:15

Fundargerð ritaði SUE